



Fundargerð stjórnarfundar 13. febrúar 2013, kl 10.30, haldinn í síma, frá Bíldudal, Ísafirði og Svarfhóli í Reykhólahreppi.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð 1. febrúar 2013. Fundargerð staðfest.

2. Þjónustusamningur FV og atvest.

Lagt fram minnisblað Byggðastofnunar dags 25. janúar 2013, um skiptingu fjár til atvinnuþróunarfélaga fyrir árið 2013. Framlag til atvinnuþróunar á Vestfjörðum er 38,2 mkr. Skipting framlaga er nú gerð eftir nýju reiknilíkani sem stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt.

Stjórn FV vekur athygli á sértækri fjárveitingu til þróunarsetra á Patreksfirði og Hólmavík er að grunni til tillaga í fjárlögum 2008 samkvæmt tillögu Vestfjarðanefndar (apríl 2007). Stjórn felur framkvæmdastjóra að vekja athygli Byggðastofnunar og Alþingis að fjárveiting og framkvæmd verkefna verði á hverjum tíma að falla að vilja löggjafans.

Formaður lagði fram tillögu að þjónustusamningi FV og atvest. Samkvæmt samþykkt stjórnar 1. febrúar s.l. hefur samningurinn verið lesin yfir af lögfræðingum og litlar athugasemdir komu fram við þann yfirllestur.

Formaður gerir tillögu um að samningurinn verði borin upp í heild en tillaga um fjármögnunarlið fyrir árið 2013 samkvæmt 5 gr verði afgreidd sérstaklega. *Tillaga um þjónustusamning FV og Atvest samþykkt samhljóða.*

Tillaga er um fjárhagsramma þjónustusamnings FV og Atvest fyrir árið 2013 verði 42,7 mkr, sem skiptist í 38,2 mkr framlag til atvinnuþróunar á Vestfjörðum og 4,5 mkr samkvæmt samþykkt 57. Fjórðungspings Vestfirðinga. *Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1.*

Sigurður Pétursson lagði fram eftirfarandi bókun vegna afgreiðslu fjárhagsramma ársins 2103 í þjónustusamningi:

„Undirritaður telur það ekki í samræmi við samþykkt Fjórðungspings Vestfirðinga 2012 að láta það fjármagn sem úthlutað er til atvinnu- og byggðapróunar gegnum Byggðastofnun árið 2013 renna óskipt til Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga. Fjórðungsping ákvað að skipta verkefnum þeim í atvinnu- og byggðapróun, sem áður voru hjá Atvinnuþróunarfélaginu á milli þess og sérstakrar byggðapróunardeildar Fjórðungssambandsins. Í samræmi við það tel ég það skyldu stjórnar FV að skipta þeim 38,2 milljónum króna, sem úthlutað er á fjárlögum gegnum Byggðastofnun til atvinnu- og byggðapróunar á Vestfjörðum, á milli Atvest og Fjórðungssambands og hefja þegar uppbyggingu byggðapróunardeildar á vegum sambandsins.“
Sigurður Pétursson.



3. Sóknaráætlun landshluta, tillögur og lokaskýrsla

Díana Jóhannsdóttir, mætt til fundar.

Drög að skýrslu um sóknaráætlun landshluta fyrir Vestfirði lögð fram. Lýst er forsendum vinnu að sóknaráætlun landshluta fyrir Vestfirði, stutt stöðugreining á atvinnu og byggðapróun á Vestfjörðum og verkefnatillögur um skiptingu fjárveitingar að fjárhæð 50,3 mkr. Verkefnatillögur byggja á vinnu samráðsvettvangs og framkvæmdaráðs sóknaráætlunar. Vísast hér til fundargerða samráðsvettvangs dags 17. desember og 7. febrúar s.l. og framkvæmdaráðs 15. og 28. janúar s.l..

Formaður gerir að tillögu að samþykkja efni skýrslu um sóknaráætlun landshluta fyrir Vestfirði og tillögu samráðsvettvangs sóknaráætlunar landshluta um skiptingu fjárveitingar 50,3 mkr. Tillagan samþykkt samhljóða.

Díana Jóhannsdóttir vék af fundi.

Lögð fram fundargerð 12. fundar stýrinets sóknaráætlunar landshluta dags 10. janúar 2013. Stjórn vekur athygli á fundarlið undir verkefni Byggðastofnunar *aukaframlagi til sértækra aðgerða í fámennum byggðalögum sem búa við bráðan vanda*. Til umfjöllunar er fjárveiting á fjárlögum 2013, 50 mkr, og tillögu um ráðstöfun þessa fjármagns á grundvelli á skýrslu Byggðastofnunar frá í júní 2012 og vinnu er varða vanda Raufarhafnar. Beina á fjármagni í verkefni í fleiri byggðalögum í takt við stefnu sóknaráætlunar landshluta.

Stjórn FV bendir á að í skýrslu Byggðastofnunar er staða allra byggðalaga á Vestfjörðum metin viðkvæm eða mjög viðkvæm eftir stöðuga fólksfækkun á viðmiðunartímabilinu 1994-2011. Stjórn FV beinir því til Byggðastofnunar og ráðuneyti byggðamála að vinnu að þessu verkefni verði hraðað. Hér verði einnig gætt að því að nýta jöfnum höndum þá reynslu og niðurstöðu verkefnisins til að koma af stað fleiri sambærilegum verkefnum á árinu 2013 og 2014.

4. Leigusamningur FV við Vestra ehf

Framkvæmdastjóri kynnti tilboð Vestra ehf um endurnýjun á leigusamningi skrifstofu FV til allt að 10 ára og lækun leiguverðs frá því sem það er í dag. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra ganga til viðræðna um allt að 10 ára leigu skrifstofuhúsnæðis og leggja leigusamning fyrir næsta stjórnafund.

5. Önnur mál

a. Kynnisferð sveitarstjórna á Vestfjörðum til Noregs.

Friðbjörg lagði til að FV hefði frumkvæði að skipuleggja kynnisferð sveitarstjórnar á Vestfjörðum til Noregs til að kynna sér uppbyggingu og þróun sjávareldis í Noregi á síðustu áratugum og stöðu mála þar í dag.



Hröð uppbygging í sjávareldi sérstaklega laxeldi ætti sér nú stað á sunnanverðum Vestfirðum og áætlanir væru um uppbyggingu á öðrum svæðum. Mikilvægt væri fyrir sveitarstjórnir að auka þekkingu sína á þessu sviði til að uppbygging þessara atvinnugreinar hefði jákvæð áhrif fyrir samfélögin til lengri og skemmri tíma lítið.

Leitast verði við að fá kynningu á stjórnsýslu, umhverfismálum, starfsemi eldisfyrirtækja og þjónustufyrirtækja og um önnur áhrif á atvinnulíf í héraði. Málið verði unni í samstarfi við Atvest, Íslandsstofu og samtök sveitarfélaga í Noregi (KS).

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að undirbúa málið og kanna mögulega fjármögnun.

- b. Málefni Markaðsstofu Vestfjarða. Formaður kynnti að greinargerð væri í vinnslu og efni hennar yrði kynnt aðilum máls nú í þessari viku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.20.